

Úr stofnsamþykktum Farsældar 23. mars 2025

Viðmið um starf og starfshætti stjórnar og ráða/nefnda Farsældar



Val í stjórn eða önnur hlutverk hjá Farsæld. Samkvæmt [tillögu að] lögum félagsins byggir val í stjórn á samráði stofnenda í byrjun og svo fer val á nýju fólki í stjórn eftir vönduðu valferli samkvæmt viðmiðum rökræðulýðræðis, og eftir atvikum atkvæðagreiðslu. Það val er hlutverk stjórnar félagsins. Kjör formanns og varaformanns fer þó fram á aðalfundi eftir að stjórn hefur metið hæfi frambjóðenda til kjörsins. (Sjá nánar *Félagslögum Farsældar*). Rík áhersla er lögð á félagshæfni, góðar dygðir, fagmennsku og siðferðilega ábyrga framkomu.

Hæfi frambjóðenda til stjórnar eða hlutverka í ráðum, nefndum, kennslu, athafnastjórnun eða öðrum hlutverkum á vegum félagsins, skal ákvarðað út frá reynslu stjórnar af viðkomandi aðila með tilliti til þeirra viðmiða sem sett eru fram um lífsskoðanir (sjá *Hugmyndagrunn Farsældar* og *Siðareglur Farsældar*) og þroska í málefnalegri nálgun og samstarfi. Einnig teljast til þekking og færni aðila á þeim viðfangsefnum sem hvert hlutverk krefst. Eftirfarandi texti lýsir þeim grunni í fari manngerðar (karakter) aðila sem eru mikilvægir til mats á hæfi.

Verkefni Farsældar eru fjölbreytileg og í samræmi við hugmyndgrunn félagsins og tilgang. Yfirlit og dæmi verkefna má sjá í skjalinu *Verkefni Farsældar - minnisblað*.

Málefnaleg afstaða, færni og ferli fyrir meðlimi stjórnar eða meginnefnda/meginráða

Við val aðila inn í stjórn/nefndir eða önnur mikilvæg hlutverk er mikilvægt að viðkomandi hafi sýnt af sér góðar félagslegar og siðrænar dygðir – manngerð þekkt af þýðlyndi, ábyrgð, tillitssemi, siðrænni dómgreind, varkárni, heilindum, framkvæmdasemi, eftirfylgni verkefna, hreinskiptni, sanngirni og góðum vilja. Aðili hafi traust tak á þekkingarlegri færni, málefnalegri umræðu, rökhugsun og heilbrigðri efahyggju gagnrýnnar hugsunar. Rökræðufærni skal einkennast af röklegri færni (án alhæfingarvillna og ósannra forsenda) og vera laust við útúrtnúninga (rökræðuvillur) og persónuárásir.

Í vinnu stjórnar, nefndar eða teymis fólks sem vinnur að ákveðnum verkefnum fyrir félagið skal hin best rökstudda niðurstaða ráða niðurstöðunni en ekki vilji aðila til að ráða ferðinni, hafa rétt fyrir sér, hljóta heiður og einkennast ekki af afstöðu óþolinmæði, þröngsýni eða yfirgangs. Stjórnendur sem og aðrir þurfa að vera reiðubúnir að skipta um skoðun og styðja þá rökstuddu skoðun sem eftir ígrundun, könnun möguleikanna og ályktun teymisins, er talin best þjóna markmiði þess máls sem er rætt. Virðuleg og víðsýn umræða felst ekki endilega í því að samþykkja öll rök sem eru borin fram heldur að mæta þeim með alvöru, umræðu, nærgætni og kurteisni. Það er vandaður hugsunarháttur og málsmeðferð að finna og leggja fram bestu með- og mótrök skoðunar, óháð því hvar einstaklingurinn sjálfur er staddur í áliti, því annars er ekki hægt að telja mál rannsakað. Hógværð er mikilvæg dygd í þessu tilliti og málefnaleg umræða þarf að byggja á hugarfari trausts og samstöðu um þessi markmið.

Leiðtogi getur þurft að grípa inn í með staðfestu sé umræða eða afstaða komin út fyrir hið málefnalega. Í tilfelli vafa um niðurstöðu getur verið gott að fresta ákvörðun og rannsaka málavöxtu og undirliggjandi siðferðisverðmæti nánar þar til aftur er komið saman og rætt. Tímaleg mörk geta einnig ráðið um hvað skynsamlegt sé að ákveða og það er gott að hafa í huga að ákvarðanir þurfa ekki að vera taldar endanlegar, heldur til bráðabirgða og þá áfram á dagskrá til umræðu þegar betri tími gefst.

Málefnaleg umræða leggur einnig þær kröfur á einstaklingana að halda athygli, vilja til virkrar hugsunar og sem mestrar hnitmiðunar í innleggjum. Það er ljóður á umræðum að ræða út um allar trissur, fara með langar sögur um hliðstætt efni, endurtaka sig án ástæðna, hanga á formsatriðum, kasta títt út brandörum eða festast í rökvillum eða óviljandi rökræðuvillum (afvegaleiðingum) eftir að hafa fengið ábendingar þar um.

Það er til vansa að skipta skapi sínu eða fara fram með illa rökstuddar ásakanir eða gífuryrði um fólk innan sem utan teymis. Framkoma hroka, yfirgangs, óhreinskilni, sjálflægs tilgangs, undirferlis eða vanvirðingar gagnvart öðrum í stjórn/teymi/starfi félagsins eru alvarleg atvik sem eiga ekki að viðgangast óráð. Aðilar geta eðlilega talað gagnrýnið um hvern annan en það kallast rógur þegar það er með ýkjum, ósannindum og/eða offorsi. Slíka hegðun, eða aðra óábyrga, þarf að færa til umræðu forsvaraðila því hún samræmist ekki því lágmarki hæfis siðferðilegrar ábyrgðar sem fulltrúar félagsins þurfa að búa yfir. Leiðtogar/stjórn þurfa að geta tekið á slíkum vanda með nærgætinni umræðu en jafnframt staðfestu um að vernda bæði gæði/ frið umræðunnar og markmið starfsins.

Með vönduðum málefnalegum umræðum er það nýtt sem kallast teymis-greind. Þegar margir aðilar sem leggja fram sýn sjónarhorn, þekkingu og siðferðilega dómgreind eru líkur á því að mál slípist og útkoman verði betri en út frá stökum sjónarhornum einstaklinga. Einnig er það skynsamlegt að eftir því sem málin eru mikilvægari (eða óljósari) ættu fleiri að koma að rannsókn og úrskurði um þau. Stjórnandi umræðu gætir þess að allir hafi fengið að tjá sig og að togstreita um mál (t.d. um hvaða gildi séum mikilvægust í þeim) sé rannsökuð nánar af einlægni, hógværd, þolinmæði og opinni nálgun. Stjórnandi þarf jafnframt að gæta að hnitmiðun og góðri nýtingu tíma.

Félagið getur vísað til viðurkenndra veraldlegra fræða (fræðibóka, kennslubóka, fræðigreina og annarrar fræðilegrar miðlunar) þessum viðmiðum til stuðnings og halds í umræðum um þau. Einnig eru til námskeið fagaðila í iðkun heimspekilegrar umræðu og rökræðu sem hjálpa einstaklingum að skilja betur og tileinka sér vandaða gagnrýna umræðuhefð.

Meginnefndir/ráð eru: Athafnaráð, menntaráð og heilsuráð.

Æskilegir viðmið í þekkingu, færni og aldri fyrir stjórnendur

- Æskilegt er en ekki nauðsynlegt að hafa heimspekimenntun eða aðra sambærilega hugmyndafræðilega menntun (mögulega gegnum sjálfsmenntun) með djúpri sýn og skilningi á heimspeki, siðfræði og hugmyndastefnum félagsins. Reynsla af kennslu er einnig æskileg.
- Fólk í forsvari hafi gott vald á ræðu og ritun vandaðs hugmyndfræðilegs texta.
- Æskilegt að hafa fengið talsverða reynslu af félagsmálum. Viðkomandi er tilbúin(n) að gefa af sér til félagsins og hugsjónar þess.
- Æskilegt en ekki nauðsynlegt að hafa náð 35 ára aldri.

Úrskurður ágreinings innan stjórnar

Náist ekki samstaða um niðurstöðu innan stjórnar, ræður formaður útkomunni eða sendir málið í atkvæðagreiðslu innan stjórnar eða alls félagsins, eftir atvikum. Ólíkt hefðbundnu félagi er aðalfundur ekki megin stjórnvald þess og það er ekki kosið um fólk í stöður ábyrgðar hjá því, nema að lög félagsins kveði á um annað. Sjá nánar í félagslögum.

Umræða stjórnar og meðferð mála í gegnum samfélagsmiðla

Samfélagsmiðlar (eins og Fb) hafa þann kost að hópar geta þar átt skrifleg samskipti með stuttum fyrirvara og án ferðalaga eða sérstakra fundartíma sem allir verða að komast á. Það getur því sparað talsverðan tíma og aukið skilvirkni að koma álit og skoðun á framfæri þar. Á hinn bóginn eru skrifleg samskipti svifasein í andsvörum og allar tilfinningar og svipbrigði vantar (utan broskalla og slíks). Samskiptin þar verða því tilbrigðalítið og hætt við misskilningi og óvarkárni. Þessi samskipti eru sérstaks eðlis og þarfnast þjálfunar. Þau geta flýtt ákvörðunartöku en sá kostur getur að sama skapi verið ókostur og ljóður á málsmeðferð þegar flóknu máli er flýtt um of og ekki vandað nægjanlega til undirbúnings og yfirvegunar.

Viðmið: Almennt ætti að forðast ákvörðunartöku á málum á samfélagsmiðlum nema léttvægum og nota þá frekar til að koma upplýsingum og skipulögðum rökstuðningi (t.d. gegnum vinnuskjal á netinu) á framfæri til undirbúnings fyrir fund í raunheimum.

Myndfundir gegnum hugbúnað til fjarfunda (eins og Zoom og Teams) er vænleg millilending fyrir fundi, sérstaklega fyrir þá sem eiga lengra í land með að komast á fundi vegna fjarlægða eða knapps tíma. Þessi fundaleið er vænlegri til umræðna og ákvörðunartöku en tjáskipti í athugasemdakerfum (Fb og slíks). Hún hefur einnig þann kost að geta deilt auðveldlega skjölum með fundarmönnum.

Athafnarstjórnar

- Formleg heimspekimenntun eða skyld menntun er æskileg í grunninn en ekki nauðsynleg. Staðin diplóma eða námskeið, eða háskólagráður á sviði annarra hug- eða félagsvísinda, eða **sýnd** sjálfsmenntun á slíku sviði geta komið til greina sem nægur grunnur.
- Hafi fengið tilhlýðilega menntun og þjálfun fyrir hlutverk/starf sitt hjá félaginu - sjá nánar um það í skjali.
- Hafi tilheyrandi mannkosti og ábyrgðartilfinningu fyrir hlutverki sínu.

Leiðbeinendur í heimspekilegum námskeiðum

- Sömu kröfur og fyrir ábyrgðaraðila en heimspekimenntunar krafist, nema ef önnur sambærileg menntun á sviði hugvísinda/kennslu geti talist hæfa hlutverkinu að auki.
- Sé námskeiðið hannað af félaginu gæti þurft inngangsnámskeið eða einhverskonar fornám/undirbúning fyrir kennslu í því, óháð bakgrunni leiðbeinandans.
- Þjálfun eða nám í kennslu er æskileg
- Mögulega þurfi að sýna í prufukennslustund hvernig kennslan fer fram.

Meðlimir annarra ráða og umsjónarfólk minni verkefna

Svipaðar kröfur og að ofan, sérstaklega hvað mannkosti varðar, en heimspekileg þekking þarf ekki að vera eins mikil og kröfur til framlegðar minni, en þó með reglubundnum hætti þegar um setu í ráði/nefnd er að ræða. Má vera yngra fólk (en 35) en skoða það í samhengi einstaklingsins og viðfangsefnanna.

Fjárhaldsmaður (gjaldkeri)

- Meðlimur (gjaldkeri) í stjórn með ábyrgð umsjónar og hlutverk tengiliðar um fjármálin gagnvart stjórn, en mögulega viðskiptafræðimenntuð manneskja utan

hennar ráðin (tímabundið eða lengur, eftir atvikum) til að halda faglega utan um fjárhaldið.

Skoðendur reikninga

- Tveir aðilar sem þekkja til eða eru menntaðir í reikningshaldi og bókhaldi.

Meðlimir nefnda og ráða

- Þeir sýni af sér góðar siðrænar og félagslegar dygðir þannig að góð, málefnaleg og tillitssöm umræða (og rökræða) eigi sér stað á vinnufundum. Fylgjendur að hugmyndastefnum félagsins. Fái þjálfunarþrógram í starfi innan nefnda/ráða og viti til hvers er ætlast af hlutverkinu.

Almennir félagar

- Fylgjendur hugmyndastefnum og megin verkefnum félagsins sem styðja við það með félagsgjaldi og tilvist sinni í félaginu. (Hvattir til virkrar þátttöku í rökræðulýðræði félagsins).

Fyrirlesarar

- Breytilegar þekkingarlegar kröfur eftir því hvort viðkomandi eru á vegum félagsins eða aðfengnir utan þess. Ávallt kröfur um góða færni aðila til að halda fyrirlestur, en túlkast í samhengi við fyrirhugaðan vettvang og áheyrendur hverju sinni.

Í tilvikum togstreitu og vandamála við rækt hlutverka eða starfa

Það getur þurft að leysa fólk undan hlutverki sínu hjá félaginu vegna ófullnægjandi gæða eða skaðlegrar/niðurrífandi framkomu og er það hlutverk stjórnar að taka fyrir og grípa inn í mál eftir því sem nauðsyn ber til. Formaður hefur þar endanlegt orð sé ekki einhugur stjórnar um slík mál.

Þó stefnt sé að sem bestum gæðum í þekkingu og færni hverju sinni er það ekki ætlað til að vera hamlandi því að fólk af ólíkum þekkingargrunni taki að sér hin ýmsu verkefni. Kröfurnar eiga að hæfa eðli hvers verkefnis og hverjum það er ætlað. Megin fyrirvararnir, sem lúta að því að slá ekki af gæðakröfur, snúa annars vegar að því að skortur á gæðum má ekki skaða félagið (t.d. frið innan þess eða orðstír) eða þá aðila sem þiggja þjónustu frá því og hins vegar að því að það má ekki leyfa ófaglega afstöðu sem einkennist af kröfufærni (eða grunnhyggni/yfirborðsmennsku) sem hindri fólk í að bjóða fram góð gæði og dýpt í sínu framleggi. Efni og aðferðir til kennslu skulu þá ávallt mæta þeim stað í þekkingu og þroska sem lungi nemenda (markhóps kennslunnar) er staddur á.

Hugleiðing um varnir gegn ómálefnalegum og ólýðræðislegum atkvæðagreiðslum

Komi upp mál sem stjórn telur að allir félagsmenn eigi að kjósa um (eða skv. lögum félagsins), ætti að framkvæma kosninguna með þeim hætti að allir geti greitt atkvæði á sem þægilegastan máta. Þar þarf því að koma til rafræn leið kosningar með notkun rafrænna skilríkja.

Til að koma í veg fyrir að ákvörðun byggji á mögulega bjöguðu vali lítils hóps innan félagsins þarf almenn kosning að hafa ákveðið lágmarkshlutfall um þátttöku til að taka hana gilda, og því hærra sem mikilvægi málsins eykst. Þannig má hugsa sér að það þurfi að lágmarki 50 - 66% félagsmanna til að greiða atkvæði svo útkoman sé tekin gild. **[Þetta þarf að ræða og skoða nánar eftir stofnun félagsins]**. Fyrir atkvæðagreiðsluna þarf að fara fram góð kynning á málefnum svo félagar hafi hið minnsta möguleika á upplýstri ákvörðun. **[Mögulega að tikka þurfi við staðfestingu þess að hafa kynnt sér málin fyrir greiðslu atkvæðis]**.

Hugleiðing um opin málefnalega og lýðræðisleg ferli í fyrirtöku mikilvægra málaflokka.

Varði ákvarðanir, sem taka á, mikilvæga málaflokka og stjórn telur að bjóða eigi félagsmönnum í umræðu um málefnið, má opna á umsagnaferli, málfundi eða aðra aðkomu félagsmanna. Þetta getur tengst stefnumótunum eða öðru mikilvægu í starfi félagsins.

Bjóða má aðkomu að ákvörðunum gegnum skrifleg/munnleg innlegg, sem félagsmenn fengju ákveðinn tíma til að senda inn til stjórnar og fá svo rökræðu um eftir góðu ferli. Í ferlinu væri opið á þátttöku félagsmanna til innleggja og spurninga fyrir þær ákvarðanir sem talið er rétt að verði teknar eftir opið ferli. Formið færi eftir því við hvað ætti hverju sinni. Ferlið byggji á forvinnu um eðli máls, upplýsingu (gagnsæi, kynningu), innleggi félagsmanna, umræðu/rökræðu og svo endanlegri ákvörðun stjórnar. Þetta færi ekki fram gegnum samfélagsmiðla á netinu heldur eftir vönduðu ferli (*álitsgjafuferli*) sem væri tilkynnt.

Gæðastefna og frumleiki

Félaginu er umhugað um gæði frekar en magn. Því er ekki ætlað að haga stefnu sinni eða starfi þannig að það falli að geði, skoðunum eða þörfum sem flestra, heldur þannig að heimspekileg dýpt, sannar forsendur, þroskuð dómgreind, könnun, frumleiki og gæði nái fram að mati forsvarsmanna.

- Félagið starfar á heimspekilegum hraða, það er gæði eiga ekki að líða fyrir ytri tímapressu eða sjónarmiðum þess að „styttu sér leið“ að settu marki. Ígrundun og jafnvægi eru lykilatriði í starfsháttum og hugsun.
- Óttaleysi á að ríkja gagnvart „óvenjuleika“ og nýjungum sem gætu verið fólki almennt framandi og krefst nokkurrar skoðunar við til að skilja eða setja sig inní. Þetta getur til dæmis birst í nýstárlegu orðalagi eða endurupptöku orða og hugtaka sem hafa fallið út úr almennri málnotkun. Það getur einnig birst í nýjum útfærslum málþinga eða athafna. Séu góðar ástæður fyrir því að brjóta upp hluti, skapa nýtt, snúa á hvolf, setja í annan búning, víkka út sjónarhornið, tengja á nýjan máta, þ.e. skapa, skyldu viðjar vanans ekki standa í vegi. Þetta er hvatning og skoðast í samhengi hlutanna hverju sinni, eftir góðri dómgreind og skynsemi.

Viðmið um fjármál og fjárhald

- Gæta skal hófsemi í fjárhaldslegum efnum og hafa ávallt í huga að gæði, hjálpsemi, gagnkvæmni, hógvæð, mannúð, verðskuldun, sanngirni, hreinskiptni og gagnsæi skulu liggja til grundvallar öllum útfærslum í fjármálum félagsins. *Sjá nánar í félagslögum.*
- Fé félagsins skal ekki nota í einkapágu aðila innan þess eða utan, heldur eingöngu til framgöngu starfsemi félagsins og uppbyggingu.
- Færa skal bókhald um tekjur og ráðstafanir fés eða eigna þannig að skýrt sé. Í ársreikningi skulu allir útgjaldaliðir sundurliðaðir í viðeigandi flokka og tryggt að gagnsæi sé á alla mikilvæga þætti. Gjaldkeri skal færa fram yfirlit fyrir stjórn a.m.k. tvisvar á starfsári utan yfirlits þess sem fæst með ársreikningi.
- Ef félagsmaður verður var við misnotkun á fé eða grunar það skal viðkomandi koma þeim upplýsingum til stjórnar, til frekari athugunar.